

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 244/2014 um gjaldskrá Háskóla Íslands vegna þjónustu við nemendur o.fl., og innheimtu og ráðstöfun skráningargjalds.

1. gr.

Á eftir 16. gr. reglnanna bætist ný grein, 17. gr., og núverandi 17. gr. verður 18. gr. Hin nýja 17. grein er svohljóðandi:
Aðgangseyrir o.fl. að sýningunni „Ljáðu mér vængi. Ævi og áhrif Vigdísar Finnbogadóttur“ í húsnæði Háskóla Íslands, Loftskreytastöðinni við Suðurgötu.
Almennur aðgöngumiði, sem gildir í eitt ár, skal kosta 1.950 kr.
Frítt skal vera inn fyrir börn yngri en 18 ára, öryrkja og námsmenn við Háskóla Íslands.
Námsmenn (aðrir en nemendur HÍ) skulu greiða 1.100 kr. og gildir miðinn í eitt ár.
Eldri borgarar skulu greiða 1.100 kr. og gildir miðinn í eitt ár.
Hópar sem telja fleiri en 15 manns fá afslátt og skal hver meðlimur hópsins borga 1.700 kr. fyrir aðgöngumiðann.
Í Loftskreytastöðinni verði heimilt að innheimta kaffi- eða veitingagjald fyrir hópa sem þess óska á kostnaðarverði.
Einnig verði heimilt að selja bækur og annan varning sem hefur tengingu við sýningar og starfsemi hússins á samkeppnishæfu verði.
Grunnur að gjaldskránni er kostnaður við rekstur starfsemi í Loftskreytastöðinni og tekur mið af gjaldskrá sambærilegra sýninga og safna sem og nágrannasafna. Aðgangseyrir mun ekki standa að öllu leyti straum af rekstri sýningarinnar, en kemur til móts við styrk ríkisins.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í c-lið 2. mgr. 24. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, taka þegar gildi.

Háskóla Íslands, 8. apríl 2024.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.